

3. gr.

11. grein orðist svo:

Fyrir vatn til mjólkurbúa, verksmiðja (frystihúsa) og annarra slíkra aðila er nota mikið vatn heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum og skal þá greiða kr. 3.00 fyrir hverja smálest.

4. gr.

14. grein orðist svo:

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 25.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að hafnarbryggja Sauðárkróks greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun bæjarstjórnar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri er fram fer á bryggjunni, að undanskildum framleiðslugjöldum af sjávarafurðum, sem um ræðir í 10. gr. þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

**fyrir Vatnsveitufélag Stóra-Lambhagahverfis í Skilmannahreppi,
Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Stóra-Lambhagahverfis. Heimili þess og varnarþing er Skilmannahreppur í Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá hverfinu fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru bændur í Stóra- og Litla-Lambhaga og aðrir húsráðendur í Stóra-Lambhaga, og sláturhús Sláturfélags Suðurlands við Laxárbrú, enn fremur Vogatunga og Beitistaðir.

Vatnsveitan byggir aðalæð, en notendur kosta heimæðar hver heim til sín. Sláturfélag Suðurlands greiðir helming kostnaðar af aðalæð, en hinn helmingur kostnaðar við stofnun, greiðist af öðrum vatnsnotendum. Rekstur stofnæðar greiðist í sömu hlutföllum.

4. gr.

Hver aðili á rétt á vatni til húsparfa og atvinnureksturs. Félagsskylda er því skilyrði háð, að húeiganda sé látið í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til afnota.

5. gr.

Skýlt er að taka nýja ábúendur í félagið, sé nægilegt vatnsmagn fyrir hendi, en samþykki aðila þarf til þess að bætt sé við nýjum vatnsnotendum.

Nýr félagsmaður greiði hlutfallslega sama stofngjald og eldri félagsmenn og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því að hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

6. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum aðila í félaginu og skal hann ákveðinn þannig:

1. Til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar í hlutfalli við stofngjöld.
2. Til greiðslu á reksturskostnaði og viðhaldi veitunnar eftir vatnsnotkun.
3. Fast lágmarksgjald hvers notanda, sem hefur tengda heimæð. Vatnsskatt má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu hans til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn, og einn til vara. Enn fremur skulu kosnir tveir endurskoðendur til eins árs.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boðað bréflega eða persónulega með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess, og kosin stjórn og endurskoðendur.

9. gr.

Félagsfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið boðað til hans á sama hátt og til aðalfundar. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

10. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til funda og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

11. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér undir eftirliti félagsstjórnar.

12. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkr þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Stóra-Lambhagahverfis í Skilmannahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. ágúst 1970.

Nr. 174.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndarinnar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi, sem um getur í 5. gr. og greiddast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort